



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

7. fundur stjórnar 2022-2023 þriðjudaginn 6. desember 2022

kl. 15.00 – 17.00 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Engilbert Sigurðsson, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson. Á Teams: Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eypórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason. Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Dr. Þorgerður Einarsdóttir kynnir skýrslu um framgang og jafnrétti.
2. Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 1. nóvember 2022 lögð fram til afgreiðslu.
3. Tillaga formanns um lyktir máls um styrk vegna lögfræðikostnaðar afgreidd.
4. Tilnefning til Siðanefndar HÍ.
5. Bréf vegna yfirvinnu vegna náttúruhamfara kynnt.
6. Staðan við HA vegna túlkunar á yfirvinnu.
7. Staðan í umræðu um verkefnamiðuð rými.
8. Almenn umræða um kjaramál.
 - a. Af fundi með FH og FHA.
 - b. Stofnanasamningar.
9. Önnur mál.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 15.10.

1. Dr. Þorgerður Einarsdóttir kynnir skýrslu um framgang og jafnrétti.

Þorgerður boðaði forföll og var liðnum frestað.

2. Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 1. nóvember 2022 lögð fram til afgreiðslu.

Fundargerðin var samþykkt með áorðnum breytingum.

3. Tillaga formanns um lyktir máls um styrk vegna lögfræðikostnaðar afgreidd.

Formaður lagði fram tillögu um afgreiðslu máls sem kynnt var á síðasta fundi. Um er að ræða beiðni prófessors um styrk vegna lögfræðikostnaðar sem kom til vegna kæru til Siðanefndar HÍ. Formaður lagði til að stjórn samþykkti að styrkja viðkomandi um samtals 250 þús.kr., sem er helmingur af lögfræðikostnaðinum, í ljósi þess að um fyrsta skipti svo stjórn viti til, er ytri aðili að kæra félagsmann vegna þátttöku í þjóðfélagsumræðu og um prófmál að ræða. Tryggja þarf að ekki sé vegið að þátttöku félagsfólks í almennri umræðu, enda eitt af meginhlutverkum þess. Tillagan var samþykkt samhljóða, en tveir fulltrúar sátu hjá við afgreiðslu málsins.

4. Tilnefning til Siðanefndar HÍ. (Fskj. 3)

Formaður kynnti erindi frá rektorsskrifstofu dags. 29. nóvember 2022 þar sem óskað er eftir tilnefningu SPR í Siðanefnd HÍ til þriggja ára frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025. Frestur til að tilnefna er til 13. desember nk. Amalía Björnsdóttir er fulltrúi félagsins og gefur áfram kost á sér. Samþykkt var að tilnefna Amalíu sem fulltrúa FPR í nefndina.

5. Bréf vegna yfirvinnu vegna náttúruhamfara kynnt. (Fskj. 4)

Fyrirspurn barst FPR í tölvupósti þann. 23. nóvember sl. sem fjallar um lögmati fullyrðingar sem fram kom á fundi deildarráðs Jarðvísindastofnunar þann 17. október sl. um að yfirvinnutímar sem

unnir eru í tengslum við eldgosa eftirlit hjá starfsmönnum Jarðvísindadeildar og -stofnunar falli undir starfsskyldur akademískra starfsmanna sbr. álit lögfræðings HÍ. Framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu HÍ tekur undir álit lögfræðingsins samkvæmt upplýsingum sem fram koma í fundargerð ráðsins. Tilefnið er að ekki hefur verið greitt fyrir vinnu í tengslum við gosið í Merardölum en sú vinna bættist ofan á þá vinnu sem unnin er hjá stofnuninni. Umræða var um hvort fordæmi væri fyrir því að greiða fyrir slíka vinnu eða hvort samið hafi verið um hana fyrirfram. Samþykkt var að óska eftir áliti lögfræðingsins og taka málið upp aftur síðar.

6. Staðan við HA vegna túlkunar á yfirvinnu.

Grétar upplýsti að ekkert hafi gerst frá síðasta fundi stjórnar. Hann á von að fá fund með rektor um málið. Málið áfram í vinnslu.

7. Staðan í umræðu um verkefnamiðuð rými.

Ólafur sagði frá fundi á menntavísindasviði fyrir hálfum mánuði með fulltrúa frá ríkinu. Hollenskt ráðgjafafyrirtæki vinnur að því að hanna rýmið sem verður boðið upp þegar hönnunarferlinu er lokið. Vonast er til þess að hægt sé að hafa áhrif á lokaniðurstöðuna. Rætt var um mikilvægi þess að FPR taki saman gögn um kosti og ókosti verkefnamiðaðra rýma fyrir akademískt starfsfólk.

8. Almenn umræða um kjaramál.

a) Af fundi FH og FHA.

Formaður sagði frá fundi FPR með FH og FHA þann 24. nóvember sl. á skrifstofu FPR. Formaður og framkvæmdastjóri mættu f.h. félagsins. Rætt var almennt um kjarasamningana í vændum og helstu áherslur félagana. Félögin munu hvert og eitt setja saman sínar áherslur sem þau munu leggja áherslu á í komandi viðræðum.

b) Stofnanasamningar.

Rætt var um að taka saman hvar sameiginlegu hagsmunirnir liggja og vinna áfram með skjal með sérstöðu prófessora. Þá var lagt til að gerð yrði formleg greining á stofnanasamningum félagsins við einstaka háskóla þar sem fram kæmi nákvæmlega hvaða atriði væru mismunandi milli háskóla. Greiningin verði löggt fram á næsta fundi.

9. Önnur mál.

a) Kröfugerð FPR í komandi kjarasamningum.

Samþykkt var að halda auka stjórnarfund miðvikudaginn 21. desember kl. 13-15 til að fara yfir áherslur félagsins.

b) Fyrirspurn frá BHM um námslánakerfið. (Fskj. 5)

Formaður sagði frá fyrirspurn BHM frá 6. desember sl. þar sem kallað er eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila við undirbúning endurskoðunar laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna. Óskað var eftir svörum hagsaðila við spurningum um helstu kosti og ókosti gildandi námslánakerfis og áherslur í endurskoðuninni ásamt skoðun félagsins á þjónustu Menntasjóðsins. Svar þarf að berast í síðasta lagi þann 13. desember nk.

c) Samninganefnd BHM.

Formaður upplýsti að næsti fundur í samninganefnd BHM verði 2. janúar 2023.

d) Næstu stjórnarfundir.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 21. desember kl. 13-15. Fyrsti stjórnarfundur 2023 verður þriðjudaginn 10. janúar kl. 12.30-13.30.

f) Nýr framkvæmdastjóri FPR.

Lilja Þorgeirsdóttir hóf störf sem framkvæmdastjóri SPR þann 15. nóvember síðastliðinn. Búið er að ganga frá ráðningarsamningi við hana.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 17.20.

Fundarritari: LP.